

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2019

2020/EES/44/50

frá 29. mars 2019

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1702 frá 8. nóvember 2018 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna smurefna ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 2zp (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/680) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„2zq. **32018 D 1702**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1702 frá 8. nóvember 2018 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna smurefna (Stjtið. ESB L 285, 13.11.2018, bls. 82).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2018/1702, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 13.11.2018, bls. 82.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.